

myndar sér með þekkingu sinni og rannsókn samleik, sem gildir uns starfsvið andans stækkar,— En mælikvarðinn er ekki í einum heldur í öllum—mannkynið er mælikvarði allra þeirra hluta, sem það hefir skynjað.— Undarleg mótsögn; því hvenær hefir öllum borið saman um nokkurn samleik? Jú, einmitt það sem gerir þekkinguna á hverju sem er, áreiðanlega er, að mennirnir yfirleitt geta átt sameiginlegan samleik. Sá samleikur er allra, en hann er ekki hvers og eins til að fara með samkvæmt eigin geðþótta. Því þó hann hafi upphaflega aðeins verið til í sál eins manns, þá samt sem áður verður hann að eigu allra ef hann á að ná sínum upprunalega tilgangi, og um leið verður mælikvarðinn, sem í honum felst almennur.

Samleikurinn er ekki þráðbeinn vegur, sem hefir verið lagður fyrir oss menningu af guða höndum og sem vér getum fylgt samkvæmt ytri tilsögn eða innri ávísan. En hann er vegargerð í mörgum myndum, sem aldrei tekur enda, því ávalt stefna mennirnir inn í nýtt og ókannað land.—Og þar er það andi mannsins sjálfs sem metur gildi hvers hlutar og setur honum lög.—Hann má aðeins ekki gleyma, að það sem hann sjálfur mælir, mælir hann fyrir sjálfan sig.



HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.
Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

Gefin út af hinu Íslenska Únitaríska Kyrkjufelagi í Vesturheimi.

ÚTGÁFUFÉRFEND:

Rögnv. Pétursson	Hannes Pétursson
G. J. Goodmundson	Guðm. Arnason
Friðrik Sveinsson	Gísli Jónsson

Bréf og annað innihaldi blaðsins viðvíkjandi sendist til Guðm. Arnassonar, 577 Sherbrooke St. Peninga sendingar sendist til Hannesar Péturssonar, Union Bank, 577 Sargent Avenue.

THE ANDERSON CO., PRINTERS